

## REGLUR um björgunar- og öryggisbúnað vöruflutninga- og farþegaskipa.

### 1. gr.

Ákvæði 3. kafla viðauka við alþjóðasamning um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS) 1974 með þeim breytingum sem gerðar voru á kaflanum 1983, skulu gilda fyrir íslensk vöruflutninga- og farþegaskip 500 brl. að stærð og stærri að öðru leyti en því sem tekið er fram í reglugerð þessari og reglum um björgunar- og öryggisbúnað skipa nr. 325/1985<sup>[1]</sup>.

[Reglurnar taka til gamalla farþegaskipa, sem mega flytja fleiri en 12 farþega í innanlandssiglingum eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar nr. 666/2001, fram að þeim dagsetningum sem mælt er fyrir um í f-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 666/2001. Reglurnar taka þó ekki til nýrra farþegaskipa, sem mega flytja fleiri en 12 farþega í innanlandssiglingum og háhraðafarþegafara, eins og þessi skip og för eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar nr. 666/2001.]<sup>2</sup>

### 2. gr.

Vöruflutningaskip skulu fyrir júlí 1987 búin viðurkenndum björgunarbátum fyrir alla um borð.

### 3. gr.

Ákvæði 18. reglu um þjálfun og æfingar og 19. reglu um viðbúnað, viðhald og eftirlit 3. kafla SOLAS, sem vísað er til í 1. gr. skulu gilda fyrir öll vöruflutninga- og farþegaskip.

### 4. gr.

Reglur þessar sem settar eru skv. lögum nr. 52, 12. maí 1970 um eftirlit með skipum<sup>[3]</sup>, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 5. janúar 1987.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

1) Sbr. nú reglur um björgunar og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 189/1994.

2) Reglugerð nr. 667/2001

3) Sbr. nú lög um eftirlit með skipum nr. 47/2003.

[Lög um eftirlit með skipum nr. 47/2003.](#)

[Reglur um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, 189/1994 með síðari breytingum.](#)

[Reglugerð um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum, nr. 666/2001.](#)

[Reglugerð um breytingu á ýmsum reglugerðum vegna reglugerðar nr. 666/2001 um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum og reglugerðar nr. 26/2000 um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, nr. 667/2001](#)

[International Convention for the Safety of Life at Sea \(SOLAS\), 1974](#)